



Stjórnarfundur körfuknattleiksdeildar Vestra 27. október 2016

Haldinn að Torfnesi 27. október. Fundur settur kl. 17:35. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Birgir Örn Birgisson, Sveinn Rúnar Júlíusson og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Húsnæði
Ingi kynnti stöðu mála hvað húsnæðismál varðar. HSV afhendir íbúð sem Yima flytur í í lok vikunnar. Rætt um möguleika þess að annar leikmaður gæti búið í þeirri íbúð einnig.
2. Fjármál og styrkir
Farið yfir stöðu mála á samningum sem verið er að klára og samninga sem nýlega hefur verið lokið við.
Birgir ræddi þá hugmynd að fá fyrirtæki til samstarfs um körfuboltaþúðir á sunnanverðum Vestfjörðum. Um samstarfsverkefni væri að ræða þar sem fyrirtæki myndi styrkja félagið sem myndi sjá um framkvæmd búðanna yfir helgi, t.d. á vormánuðum.
3. Mótamál
Stór heimaleikja helgi framundan. Höttur frá Egilsstöðum kemur í heimsókn og leikur tvo leiki á laugardag og sunnudag, einnig mætast unglingsflokkar liðanna á föstudag.
4. Önnur mál
Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 18:30.